

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar

Séreignarsparnaður

Nýr sjóðfélagi

**Sjóðfélagalán**



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sjóðfélögum standa til boða sjóðfélagalán, sem geta hentað vel til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða öðrum stærri fjárfestingum.

- » Lánstími er sveigjanlegur, 5 til 40 ár
- » Lánin eru endurgreidd með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum af höfuðstól
- » Heimilt er að greiða lán upp að hluta eða öllu leyti án uppgreiðslugjalds
- » Lán geta verið verðtryggt eða óverðtryggt

## LÁNSRÉTTUR

Lánsrétt eiga sjóðfélagar sem hafa greitt iðgjöld til sjóðsins að uppfylltum öðrum skilyrðum lánareglna.

## LÁNSFJÁRHÆÐ

Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu láni sjóðsins, mega við lánveitingu ekki vera umfram 70% af verðmæti veðs eins og það er tilgreint í grein þessari. Ef veðsetning vegna lántöku eða veðflutnings lána hjá sjóðnum er umfram 65% er almennt gerður áskilnaður um að veðsetning til þriðja aðila (annars en Lífeyrissjóðs verzlunarmanna) nemi ekki hærra hlutfalli en 20% af metnu virði veðsins. Veðsetning skal reiknuð út frá söluverði samkvæmt kaupsamningi þegar um lánveitingar í tengslum við fasteignaviðskipti er að ræða. Annars skal miða við gildandi fasteignamat. Við sérstakar aðstæður eftir mati lífeyrissjóðsins er heimilt að miða veðsetningu við verðmat samkvæmt mati löggilts fasteignasala eða annars sérfróðs aðila. Lífeyrissjóðurinn áskilur sér rétt til að tilnefna matsaðila. Þá getur sjóðurinn lagt mat á forsendur verðmats og lækkað það í varúðarskyni.

## VEÐTRYGGING

Lánað er gegn fasteignaveði í íbúðarhúsnæði lántaka, maka hans eða aðila sem hann er í óvígðri sambúð eða staðfestri samvist með.

## LÁNSUMSÓKN OG FYLGIGÖGN

Lánsumsókn ásamt yfirliti yfir umbeðin fylgigögn er aðgengileg á vef sjóðsins og á skrifstofu hans.

## ÁBENDING

Lántöku fylgir ávallt kostnaður og ábyrgð. Áður en ákvörðun er tekin um lántöku er mikilvægt að hver og einn meti aðstæður sínar og forsendur fyrir lántöku.

Á vef sjóðsins er aðgengileg reiknivél sem sýnir útreikning láns, áætlaða greiðslubyrði, áætlaðan vaxtakostnað, árlega hlutfallstölu kostnaðar og sögulega verðlagsþróun, miðað við forsendur hvers og eins.

# VAXTAKJÖR

Sjóðfélagalán geta verið verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, eða óverðtryggð. Upplýsingar um vaxtakjör er að finna á vef sjóðsins og í lánareglum.

## FASTIR, BREYTILEGIR EÐA ÓVERÐTRYGGÐIR VEXTIR

- » Fastir vextir haldast óbreyttir út lánstímann
- » Breytilegir vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar, í samræmi við ákvæði lánareglna sjóðsins og fylgja þróun vaxta á almennum markaði
- » Óverðtryggðir vextir eru fastir til 36 mánaða í senn

Val er um lánstíma, frá 5 árum allt til 40 ára. Gjald dagar eru mánaðarlega eða 4 á ári.


**Verðtryggð lán með föstum vöxtum:** Velja má á milli lána með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum.

**Verðtryggð lán með breytilegum vöxtum:** Einungis er hægt að velja breytilega vexti ef lán er með jöfnum afborgunum.


**Óverðtryggð lán:** Velja má á milli lána með jöfnum greiðslum (annuitet) eða jöfnum afborgunum.

Jafngreiðslulán (annuitet)	Jafnar afborganir
Jafngreiðslulán (annuitet) þýðir að greiðslur sem þú innir af hendi eru jafnháar út lánstímann, en taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hins vegar er vægi afborgana og vaxta breytilegt. Höfuðstóll greiðist hægar niður en á láni með jöfnum afborgunum.	Á lánum með jöfnum afborgunum er höfuðstóllinn alltaf greiddur jafn mikið niður við hverja greiðslu. Greiðslubyrði er þannig þyngst í upphafi en léttist eftir því sem líður á lánstímann.

JAFNGREIÐSLULÁN (ANNUITET)



LÁN MED JÖFNUM AFBORGUNUM



Myndirnar sýna báðar 4.000.000 kr. lán til 25 ára. Athygli er vakin á að myndirnar sýna greiðslubyrði lána án verðbólgu.

# www.live.is

**Viltu fá fróðleiksmola og nýjustu fréttirnar í tölvupósti?**

**Skráðu þig á póstlista LV á [www.live.is](http://www.live.is)**

## NÁNARI UPPLÝSINGAR

- » **[www.live.is](http://www.live.is)** – Upplýsingar um þjónustu og starfsemi sjóðsins.
- » **Sjóðfélagavefur** – Aðgengilegar upplýsingar um réttindi og stöðu lána. Hægt er að fá aðgangsorð sent í netbanka eða með pósti á lögheimili viðkomandi sjóðfélaga.
- » **Skrifstofa sjóðsins** – Starfsfólk þjónustuvers veitir sjóðfélögum upplýsingar um þjónustu sjóðsins.